

14. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar, Fjarðarvegi 3, Þórshöfn, miðvikudaginn 13. júlí 2011 kl. 12:00

Mætt: Steinunn Leósdóttir formaður, Jósteynn Hermundsson, Vikar Már Vífilsson, jafnframt sátu fundinn Helgi Mar Árnason og Gunnólfur Lárusson sem ritaði fundargerð á tölvu.

### **Dagskrá:**

#### **1. Deiliskipulag við höfnina á Þórshöfn.**

Ein athugasemd barst við tillöguna, frá Guðmundi Vilhjálmssyni. Athugasemdin er í tveimur liðum:

##### **a. Bent er á að á uppdrætti er prentvilla í samþykktartexta.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar þakkar ábendinguna um meinlega prentvillu á uppdrætti og um nauðsyn prófarkalesturs tillögunnar. Nefndir samþykkir að texti á uppdrætti verði leiðréttur og deiliskipulagsgögn yfirfarin fyrir staðfestingu.

##### **b. Athugasemd er gerð um að húsin Fjarðarvegur 1 og 4 hafi verið þurrkuð út af skipulagi.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar bendir á að húsin við Fjarðarveg 1 og 4 eru utan skipulagsmarka deiliskipulagstillögunnar og hefur uppdrátturinn því ekkert gildi hvað þau varðar. Nefndin bendir hins vegar á að umrædd hús eru skilgreind sem víkjandi mannvirki á gildandi aðalskipulagi Langanesbyggðar 2003 – 2023. Nefndin samþykkir að uppdrátturinn verði staðfærður og lagfærður fyrir staðfestingu til að fyrirbyggja frekari misskilning hvað þetta varðar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd Langanesbyggðar leggur til við sveitarstjórn að skipulagstillagan verði samþykkt með þeim lagfæringum sem tilgreindar eru hér að ofan og að sveitarstjóra verði falið að senda skipulagið til yfirferðar hjá Skipulagsstofnun skv. 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og auglýsa gildistöku þess ef ekki berast athugasemdir frá stofnuninni.

#### *Samþykkt samhljóða.*

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:30